



Hafnarfjörður 12. mars 2014

1109068 - Svar við fyrirspurn varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks

Framkvæmdahópur SSH um ferðapjónustu fatlaðs fólks var skipaður af framtíðarhópi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í júní 2011 í kjölfarið á hugmyndasmiðju sem hópurinn stóð fyrir í byrjun apríl það ár. Framtíðarhópi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að efna til sameiginlegrar stefnumótunar sveitarfélaga á höguðborgarsvæðinu með það að markmiði að mótuð verði framtíðarsýn um sameiginleg viðfangsefni og samvinnu sveitarfélaganna. Aðalviðfangsefni þessa framkvæmdahóps var því að leita leiða til að efla samvinnu í málefnum sem tengjast ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Hópurinn skilaði af sér lokaskýrslu og tillögum 19. ágúst 2011. Tillögur hópsins voru eftirfarandi:

„Hópurinn sammæltist um að góð lausn á samvinnu í ferðapjónustu fatlaðs fólks og blindra þyrfti að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að heildarkostnaður við þjónustuna og meðalverð pr. ferð verði sem lægst
- b. Þjónustustigið verði ekki lakara en það er í dag
- c. Ásættanlegt er að þjónustuna þurfi að panta með dags fyrirvara
- d. Æskilegt að hægt væri að bjóða mismunandi þjónustustig á mismunandi verði og auka þannig sveigjanleika í þjónustuveitingunni
- e. Hægt verði að ná pólitískri sátt um lausnina
- f. Fulltrúar hagsmunaaðila verði ekki ósáttir við lausnina
- g. Lausnin verði markaðslausrn og samkeppni tryggð
- h. Tryggt verði að samstarfríki milli þjónustuaðila þegar fólk úr mismunandi sveitarfélögum er að ferðast saman milli staða
- i. Fyllstu umhverfissjónarmiða verði gætt við framkvæmd þjónustunnar

Í ljósi ofangreindra áhersluatriða er tillaga hópsins að efnt verði til samvinnu allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við útboð á ferðapjónustu fatlaðs fólks. Stofnaður verði sérstakur undirbúningshópur sem muni fá það verkefni að undirbúa sameiginlegt útboð. Stefnt skal að því að útboðið fari fram ekki síðar en í nóvember 2011.“

Eftir þessa vinnu og tillögur hefur starfshópur unnið að undirbúningi á framtíðarfyrirkomulagi ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Verkfræðistofan Verkís var fengin til að vinna skýrslu um mögulegt skipulag á sameiginlegri ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks hefur sjö sinnum komið til umfjöllunar frá upphafi þessarar vinnu bæði í fjölskylduráði og bæjarráði.



HAFNARFJÖRÐUR

Erfitt er að fullyrða um það hvers vegna verkefnið hefur tekið mun lengri tíma en vonir stóðu til. Ljóst er að verkefnið var mun viðameira en upphaflega var gert ráð fyrir.

Hvað ástand og öryggisbúnað þeirra bifreiða sem notaðar eru af núverandi þjónustuaðilum í Hafnarfirði þá uppfylla allir bílar lög og reglugerðir um gerð og búnað ökutækja og gildir þá einu hvort um er að ræða akstur bíla í akstursþjónustu fatlaðs fólks sem og öðrum akstri. Allir bílar þeirra sem aka fyrir Hafnarfjörð standast skoðun og hefur Aðalskoðun sé um lögbundið eftirlit hvað það varðar.

Jafnframt er rétt að taka það fram að ekki er rétt að endurnýjun farartækja hafi ekki átt sér stað þar sem að fjárfest var í tveimum nýjum ökutækjum vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks undir lok síðasta árs.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri